



Reykjavík, 18. september 2026

USK26090221

ERINDISBRÉF

starfshóps um íbúa- og hagaðilakönnun gjaldskyldu

Ábyrgðarmaður:

Ábyrgðarmaður verkefnisins er sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs.

Inngangur:

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 2. september 2026 var samþykkt tillaga Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um styttingu gjaldskyldu á gjaldsvæðum P1 og P2. Tekið var fram í tillögunni að sú breyting væri hugsuð sem fyrsta skref í heildarendurskoðun gjaldskyldukerfisins, rekstri og þjónustu bílahúsa og fyrirhugaðri könnun meðal íbúa- og hagaðila um framtíðarþróun gjaldskyldu og gjaldskyldusvæða.

Með þessu erindisbréfi er stigið næsta skref í heildarendurskoðuninni, með því að setja á fót sérstakan starfshóp sem hefur það hlutverk að undirbúa og vinna að fyrirhugaðri íbúa- og hagaðilakönnun um framtíðarþróun gjaldskyldu og gjaldskyldusvæða.

Hlutverk:

Starfshópurinn ber ábyrgð á efnislegum undirbúningi fyrirhugaðrar íbúa- og hagaðilakönnunar um framtíðarþróun gjaldskyldu og gjaldskyldusvæða. Í því felst að skilgreina markmið könnunarinnar, afmarka spurningar og upplýsingasöfnun og tryggja að könnunin leiði fram gagnleg og nothæf svör sem nýtast við endurskoðun gjaldskyldu og tengdrar þjónustu. Starfshópurinn heldur utan um samráð við viðeigandi deildir og hagaðila og vinnur í nánú samstarfi við fagaðila (könnunarfyrirtæki) sem sér um tæknilega hönnun, útfærslu og dreifingu könnunarinnar. Hópurinn ber jafnframt ábyrgð á að meta niðurstöður og leggja fram faglegar ábendingar um næstu skref í endurskoðun gjaldskyldu og þjónustu bílahúsa og íbúakorta.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Skilgreina markmið könnunarinnar
- Móta efnislegar spurningar og skilgreina umfang
 - Afmarka hvaða hópar eiga að taka þátt í könnuninni (t.d. íbúar á gjaldskyldusvæðum, rekstraraðilar, þjónustuaðilar, gestir miðborgar), skilgreina hvaða upplýsingar þarf að safna frá hverjum hópi og setja fram spurningar sem tryggja að könnunin leiði fram gagnleg og nothæf svör.
- Samstarf við fagaðila
 - Vinna náið með sérfræðiaðila (könnunarfyrirtæki) sem sér um tæknilega hönnun, útfærslu, dreifingu og framkvæmd könnunarinnar.
- Meta niðurstöður og draga ályktanir



Reykjavík



- Fara yfir niðurstöður könnunarinnar og leggja fram faglegar ábendingar um næstu skref í endurskoðun gjaldskyldu og þjónustu, þar á meðal íbúakorta og þjónustu bílahúsa.

Starfshópin skipa:

Friðjón R. Friðjónsson (formaður), varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Eypór Steinarsson, varaborgarfulltrúi Viðreisnar.

Birkir Ingibjartsson, varaborgarfulltrúi Samfylkingar.

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Matthías Bernhöj Daðason, Deildarstjóri Bílastæðasjóðs.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Samgöngustjóri.

Halldóra Traustadóttir, Þjónustustjóri.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni tillögum fyrir lok nóvember 2026.

Ólöf Örvarsdóttir
Sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs.



Reykjavík